

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 12. janúar 2021
UST202003-108/H.S.J.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun, Samherji fiskeldi ehf. Núpum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 24. nóvember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna þeirra frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldi Samherja fiskeldis ehf, Núpum þann 30. október 2020. Þann 9 desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila, jafnframt bárust viðbótarupplýsingar þann 11. desember sl.

Frávikan eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1, 3.1 og 3.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun og nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir. Á athafnasvæði skal beita góðum starfsreglum og fyllsta hreinlætis gætt. Safntankur fyrir eldisvatn sem lekur ef vatnsyfirborð er hátt, safntankur fyrir fastefni frá tromlusíu sem er brotinn og með stóru gati á hlið, og brunnur sem flæðir upp úr þegar eldisker eru hreinsuð, uppfyllir ekki þær kröfur. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er flæði upp úr brunni ekki tengt hreinsun eldiskerja heldur þró sem notuð var til flutnings seiða.** Áætlað er að taka hana úr notkun fyrir 1. febrúar nk. Áætlað er að gera við og þéttu samskeyti á safntanki eldisvatns fyrir 1. febrúar nk. til að koma í veg fyrir frekari leka. Til stendur að styrkja söfnunartank nr. 1 við brotið og loka gati á tankinum fyrir 1. mars nk.
- Gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi.** Við útrásir þar sem eldisvatni er veitt í viðtaka má ekki vera olía eða froða. Bæði froða og fita sáust við útrás yfirlallsrörs frá safntanki fastefnis sem er síða frá eldisvatni í tromlusíu. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er dæla sem dælir fastefni úr söfnunartanki nr. 1 upp í söfnunartank nr. 2 biluð.** Yfirlall frá söfnunartanki nr. 1 valdi situ og froðu við útrás. Til stendur að skipta um dælu til að lágmarka yfirlall úr söfnunartanki nr. 1 sem berst í viðtaka, áætluð verklok eru fyrir 1. mars nk.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en staðfesting úrbóta skal send stofnuninni eigi síðar en 4. mars nk. Aðstæður á staðnum og virkni úrbóta verða svo teknar út í næsta reglubundna eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands